



Varðar starfsmannamál leikskóla

Í tilefni af nýjum lögum um leikskóla og lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi þann 1. júlí 2008 er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem varða starfsmannamál leikskóla.

Lög um leikskóla

Nýju leikskólalögin eru nr. 90/2008. Þau koma í stað eldri laga um leikskóla nr. 78/1994. Í III. kafla nýju leikskólalaganna eru ákvæði um starfsfólk leikskóla. Þar er m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

Menntunarskilyrði: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sjá nánar 2. mgr. 6. gr. leikskólalaga.

Kynferðisbrot: Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Sjá 3. mgr. 6. gr. leikskólalaga. Til að auðvelda framkvæmd þessa ákvæðis hefur Sambandi íslenskra sveitarfélaga útbúið fyrirmynd að eyðublaði sem sveitarfélög geta notað í þessu skyni.

Símenntun: Mótuð skal áætlun um símenntun starfsfólks. Símenntunaráætlunin skal vera í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár. Um rétt leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla til símenntunar fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum. Sjá nánar 2.–3. mgr. 7. gr. leikskólalaga.

Skyldur: Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Sjá 1. mgr. 7. gr. leikskólalaga.

Þagnarskylda - tilkynningarskylda: Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagnarskyldu um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskyldan nær þó ekki til atvika sem ber að tilkynna lögum samkvæmt. Leikskólastjóri skal brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum. Sjá 8. gr. leikskólalaga.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla

Lögin um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru nr. 87/2008. Þau koma í stað eldri laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 86/1998 (svonefndra lögverndunarlaga).

Með lögum þessum eru starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara og stjórnenda leikskóla lögvernduð. Í því felst m.a. að réttur til að nota starfsheitið leikskólakennari takmarkast við þá sem fengið hafa til þess leyfi menntamálaráðherra¹. Slíkt leyfi fá þeir einir sem lokið hafa meistaranámi á

¹ Menntamálaráðherra veitir slík leyfi en hann getur falið háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögnum. Sjá 4. mgr. 21. gr.



fræðasviði til kennslu á leikskólastigi² eða öðru jafngildu námi samkvæmt 3. gr. laganna og uppfylla þannig ákveðin menntunarskilyrði.

Til þess að fá ráðningu við leikskóla sem leikskólakennari, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri þarf viðkomandi að hafa leyfi/leyfisbréf fyrir starfsheitinu leikskólakennari. Auk leyfisbréfsins þarf viðkomandi að hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi til þess að fá ráðningu í tvö síðarnefndu störf. Sjá nánar 3. og 9. gr. sem og 1. mgr. 10. gr. í VII. kafla laganna eru ákvæði um gildissvið leyfisbréfa, útgáfu þeirra, eldri réttindi og lagaskil. Um frekari skýringu í þessum efnum vísast á menntamálaráðuneytið.

Önnur helstu atriði laganna sem snerta starfsmannamál leikskóla eru:

Mönnunarregla: Að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/2008. Samkvæmt þessu er heimilt að ráða (fastráða) starfsfólk með annan bakgrunn en leikskólakennaramenntun í allt að $\frac{1}{3}$ hluta stöðugildanna. Í lögskýringargögnum um þetta ákvæði segir: “Í 1. mgr. er að finna nýmæli um mönnun í leikskólum. Gert er ráð fyrir því að $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla séu stöðugildi leikskólakennara. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, störf vegna sérkennslu, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi samkvæmt mati rekstraraðila miðað við stærð leikskóla. Þetta felur jafnframt í sér að sveitarfélög eða aðrir rekstraraðilar leikskóla geta fastráðið starfsfólk með annan bakgrunn en leikskólakennaramenntun í allt að $\frac{1}{3}$ hluta stöðugilda sem sjá um kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að ákveðið verði að ráða leikskólakennara í þessi stöðugildi. Það verður í valdi hvers rekstraraðila að ákveða það þjónustustig og þau gæði sem hann vill bjóða íbúum sínum upp á í leikskólamállum. Í því felst jafnframt skylda sveitarstjórnarmanna til að taka afstöðu til málsins.”

Undanþáguheimild fyrir ráðningum annarra en leikskólakennara í framangreindan $\frac{2}{3}$ hluta stöðugilda : Um þetta gildir 17. gr. laga nr. 87/2008 sem hljóðar svo: „Sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari. Hið sama gildir ef umsækjandi uppfyllir ekki þau almennu skilyrði sem nauðsynleg teljast til þess að fá ráðningu í starf. Nú hefur starf starfsmanns verið auglýst í tvígang án þess að leikskólakennari hafi fengist og er þá heimilt að ráða hann í starfið samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnarlaga og hlutaðeigandi kjarasamnings. Starfsmaður sem ráðinn er vegna framangreindra aðstæðna má ekki bera starfsheitið leikskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.“

Eldri starfsmenn: Þeir sem voru ráðnir til starfa á leikskólum án leikskólakennaramenntunar fyrir gildistöku laganna halda starfa sínu. Um réttarstöðu þeirra að öðru leyti fer samkvæmt fyrirmælum í ráðningarsamningi og/eða kjarasamningum. Sjá nánar 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 87/2008.

² Eldri leikskólakennarar halda fullum réttindum, sbr. 1. mgr. 22. gr. Krafan um meistarapróf tekur ekki til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laganna, sbr. 2. mgr. 23. gr. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni nymenntastefna.is munu þeir sem innritast í kennaranám á árinu 2008 ljúka námi skv. eldri lögum en þeir sem innritast eftir það samkvæmt nýjum lögum.



Yfirlýsing Launanefndar sveitarfélaga varðandi auglýsingaskyldu

Á fundi launanefndar þann 20. maí 2008 var svohljóðandi yfirlýsing samþykkt samhljóða: „Samþykki Alþingi fyrirleggjandi frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verða starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara lögvernduð. Gangi þetta eftir lýsir Launanefnd sveitarfélaga því yfir að hún sé við næstu kjarasamningsgerð við KÍ vegna Félags leikskólakennara reiðbúin að bæta við ákvæðin um réttindi og skyldur í fylgiskjali II með kjarasamningi aðila ákvæði um auglýsingu lausra starfa, enda hafi ákvæði um slíkt verið felld út úr frumvarpinu.“ Í

Slíku ákvæði um auglýsingaskyldu lausra starfa leikskólakennara hjá öðrum en Reykjavíkurborg var bætt við nefnt fylgiskjal II í kjarasamningi aðila í desember 2008. Áþekkt ákvæði var þegar til staðar um auglýsingaskyldu lausra starfa leikskólakennara hjá Reykjavíkurborg. Þá er rétt að minna á að í samþykktum eða öðrum reglum sumra sveitarfélaga eru almenn ákvæði um auglýsingaskyldu lausra starfa.

Að lokum

Athygli er vakin á vefsíðu menntamálaráðuneytisins nymenntastefna.is. Þar er hægt að nálgast nýju löggin og lögskýringargögn ásamt frekari upplýsingum auk þess sem hægt er að senda inn fyrirspurnir um einstök atriði, sjá nánar Spurt og svarað.